




Saksóknari Alþingis
Skúlagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2011.

Vísað er til bréfs, dags. 17. þ.m. þar sem þess er farið á leit, með vísan til 22. gr. laga um landsdóm n r. 3/1963, og 2. mgr. 69. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 51. gr. laga nr. 3/1963, að forseti landsdóms ákveði að öflun gagna rannsóknarnefndar Alþingis, sem ætla má að hafi sönnunargildi í máli Alþingis á hendur Geir Hilmarí Haarde, fari fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en gögnin eru í vörslum Þjóðskjalasafns Íslands. Með bréfi yðar fylgdi ljósrít af bréfi yðar til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 17. þ.m., þar sem tilgreind eru þau gögn rannsóknarnefndar Alþingis sem þér gerið kröfu um að hald verði lagt á.

Með vísan til 22. gr. laga um landsdóm nr. 3/1963 hef ég ákveðið að lagt verði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að taka ákvörðun um hvort fallist sé á beiðni yðar um öflun þeirra gagna sem tilgreind eru í áðurgreindu bréfi yðar, dags. 17. þ.m., til Héraðsdóms Reykjavíkur.



Ingibjörg Benediksdóttir
forseti landsdóms

Afrit: Andri Árnason hrl.
Héraðsdómur Reykjavíkur